

Námsmatsaðferðir

Mikilvægt er að kennarar nýti sér fjölbreyttar matsaðferðir við kennslu, bæði í einstaklings- og hópverkefnum. Í dag er almennt lögð meiri áhersla á alhliða námsmat til viðbótar við próf. Námsmat á að meta þekkingu, færni, hæfni, getu og skilning nemandans. Kennarar geta nýtt verklegar, skriflegar og munnlegar matsaðferðir, skrifleg próf, matskvarða og mat á samræðum nemenda. Námsmat er byggt á mati kennara og virkri þátttöku nemenda. Nemendur koma að námsmati með því að beita til dæmis jafninga- eða sjálfsmati en þannig koma fram upplýsingar sem annars myndi ekki vera safnað en er aflað á ábyrgan hátt af nemendum sjálfum.

Hægt er að meta virkni, áhuga, umgengni, framfarir, hugkvæmni og frágang verkefna. Því til viðbótar má meta það hversu vel nemandi fer eftir fyrirmælum, hvernig hann aflar sér upplýsinga og hvernig hann vinnur með öðrum

Virknithugun

Virknithuganir henta vel þegar kennsluaðferðir eða -efni gera ekki ráð fyrir skriflegu mati í lok námseiningar. Í þessu tilviki er þekking, sem til dæmis er hægt að mæla með skriflegum verkefnum og prófum, aðeins lítil hluti þeirra markmiða sem stefnt er að. Mun meira er af verkefnum sem miða að leikni og hæfni, sem betra er að meta með virkni og þátttöku í tímum en prófi í lokin. Eftir mikla eftirgrennslan og fjölbreyttar leitaraðferðir komust höfundar að þeirri niðurstöðu að lítið hafi verið skrifað um virknithuganir hingað til og því reyndist erfitt að finna heimildir. Þegar kennari vill nýta sér virknithuganir getur hann stuðst við gátlista sem fylgir í fylgiskjali 5. Þannig getur hann gengið úr skugga um að hann fylgist reglulega með öllum nemendum og skráir athuganir sínar skipulega niður (Ingvar Sigurgeirsson, 2011, bls. 89).

Sjálfsmat

Sjálfsmat snýst um að dæma, meta og íhuga eigin frammistöðu og eiginleika í námi. Sjálfsmat getur verið af ýmsum toga. Það getur til dæmis falist í að nemendur meti gæði verka sinna og/eða þátttöku sína með stigakerfi til hliðsjónar. Nemendur geta einnig lagt mat á frammistöðu sína og gefið sjálfum sér einkunn með notkun matslista eða leiðarvísa (Panadero, Brown og Courtney, 2014, bls. 368). Dæmi um matslista má sjá í fylgiskjali 5. Samkvæmt Panadero, Brown og Courtney (2014) er sjálfsmat árangursríkast ef nemendur eru virkir þátttakendur í eigin námi, meðvitaðir um eigin frammistöðu, vita og skilja markmið námsins og hafa gildan og hlutlægan mælikvarða til að styðjast við (bls. 368-369).

Gerð og tíðni sjálfsmatsins ræðst fyrst og fremst af markmiðum kennslunnar, það er matið þarf að falla að kennslunni. Skilvirkni sjálfsmats hefur einnig áhrif á hversu mikið það er notað. Eins og að líkum lætur er notkun þess lítil ef kennari og nemendur hafa á tilfinningunni að það skili litlum árangri. Mikilvægt er að vita hvort tilraunir til að auka notkun

sjálfsmats geti aukið ábyrgð nemenda á námi sínu, og þá hvernig og undir hvaða kringumstæðum (Panadero, Tapia, Huertas, 2012, bls. 806).

Oft hefur verið sagt að nemendur læri ekki því þeir fái ekki fullnægjandi hvatningu. Þá skortir gjarnan hvatningu sem orsakast af því að þeir upplifa ekki framfarir í náminu. Þeir fá ekki tækifæri til þess að bera ábyrgð á eigin námi heldur er ábyrgðin nánast öll kennarans. Notkun sjálfsmats ýtir undir aukna ábyrgð sem leiðir vonandi til meiri áhuga nemenda á náminu sem skilar sér í bættum námsárangri (Panadero, Tapia og Huertas, 2012, bls. 806).

Eitt af þeim hæfniviðmiðum í samfélagsfræðigreinum sem sett eru fyrir lok 10. Bekkjar er að nemendur geti ígrundað eigin getu til aðgerða og að þeir geri sér grein fyrir þeim afleiðingum sem gjörðir þeirra eða aðgerðarleysi hafa (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 203).

Sjálfsmat stuðlar að aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi og skilningur þeirra á tilgangi þess eykst einnig. Raddir nemenda heyrast þegar notast er við sjálfsmat svo kennarar fá mikilvægar upplýsingar um nám þeirra og eigin kennslu. Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að sjálfsmat geti bætt námsárangur nemenda (Elísabet Valtýsdóttir, 2010, bls. 28; Panadero, Brown og Courtney, 2014, bls. 4).

Jafningjamat

Með jafningjamati eru nemendur virkjaðir til að taka þátt og bera ábyrgð í námi sínu. Skilningur þeirra á markmiðum námsins eflist og endurgjöf við verkefni verður fyllri og frá fleiri sjónarhornum en kennarans. Einnig fá nemendur mikilvæga þjálfun í samstarfi og tjáningu og að gagnrýna náungann á uppbyggilegan hátt (Elísabet Valtýsdóttir, 2010). Hægt er að nýta jafningjamat sem og sjálfsmat til að meta virkni í nemendahópnum. Ef einhver grunur leikur á að nemendur séu vinum sínum of hliðhollir eða á einhverja hallað má nýta sér að taka meðaltal af niðurstöðum nemenda. Topping (2009) bendir á að í gegnum lífið beitum við ómeðvitað jafningjamati bæði á formlegan og óformlegan máta.

Því má segja að með því að æfa jafningjamat strax í skóla sé verið að undirbúa nemendur betur undir framtíðina. Það sem Topping telur jafnframt upp sem kosti jafningjamats er til dæmis endurgjöf frá fólki í sömu aðstöðu og þú, framfarir í hópvinu, möguleika á tímasparnaði hjá kennara og æfingu í ritun (bls. 21-23). Dæmi um matslista fyrir jafningjamat má sjá í fylgiskjali 5.

Möppur sem námsmat

Möppur er rauntengd námsmatsaðferð en þar er upplýsingum um nám nemenda safnað saman og frammistaða metin í því umhverfi sem námið fer fram í. Tvenns konar leiðir eru algengar í nýsköpunar- og frumkvöðlanámi, verkmappa / Portfolio og ferlimappa / Processfolio.

Ferlimappa samanstandur af sýnishornum af lærdómsferli nemandans. fullkláruð og ókláruð verkefni